



Borgarráð

Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar SSH 2023

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins og svæðisskipulagsstjóra fyrir árið 2023, dags. 13. september 2022.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 13. september 2022.

Umsögn sviðstjóra fjármála- og áhættustýringarsvæðis, dags. 12. febrúar 2023.



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2023

Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra fyrir árið 2023 er svohljóðandi:

1. Fundir svæðisskipulagsnefndar

Tilgangur funda er að fylgjast með þróun og framkvæmd gildandi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 og fjalla um og afgreiða breytingar á því. Lagt er til að nefndin haldi 10 fundi á árinu 2023, fimm fyrir sumarfrí og fimm eftir sumarfrí. Dagsetningar funda fylgja með á næstu síðu.

2. Fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar

Lagt er til að á árinu 2023 verði gert ráð fyrr fimm milljónum í verkefnakostnað yfir árið og fimm milljónir króna fari í rekstur skrifstofu SSH, sem eru óbreyttar fjárhæðir frá því á síðasta ári. Lagt er til að laun fulltrúa svæðisskipulagsnefndar miði við 3% af þingfarakaupi auk launatengdra gjalda, líkt og liðin ár.

Tillaga að áætlaðri skiptingu fjárhagsáætlunar svæðisskipulags er svohljóðandi:

	2023
Svæðisskipulagsnefnd og svæðisskipulagsstjóri	23,159,466
Skrifstofa SSH	5,000,000
Verkefnakostnaður	5,000,000
Samtals	33,159,466

Áætlaður kostnaður sem fellur á hvert sveitarfélag tekur mið af hlutfallsskiptingu íbúafjölda 1. des. 2021 sbr. starfsreglur svæðisskipulagsnefndar og samkomulag um svæðisskipulag:

Sveitarfélag	Mannfjöldi	Hlutfall	Greiðsluskipting
Reykjavík	135,688	56.3%	18,678,613
Kópavogur	38,998	16.2%	5,368,408
Seltjarnarnes	4,720	2.0%	649,748
Garðabær	18,445	7.7%	2,539,112
Hafnarfjörður	29,763	12.4%	4,097,131
Mosfellsbær	13,024	5.4%	1,792,865
Kjósarhreppur	244	0.1%	33,589
Samtals	240,882	100.0%	33,159,466

Reykjavík, 13. september 2022
Virðingarfyllst,

Jón Kjartan Ágústsson
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundardagar svæðisskipulagsnefndar 2022-2023

Dags.	Fundur	Fyrirkomulag
26. ágúst	Fyrsti fundur svæðisskipulagsnefndar.	Staðfundur
16. sept	Almennur fundur. Starfs- og fjárhagsáætlun 2023 afgreidd	Staðfundur
14. okt	Almennur fundur. Heimsókn svæðisskipulagsnefndar til Reykjavíkur. Kynning hvað sé á döfinni í Reykjavík. Umræður með umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur. Léttar veitingar.	Staðfundur
18. nóv	Almennur fundur.	Staðfundur
9. des	Almennur fundur.	Staðfundur
13. jan	Almennur fundur	Staðfundur
17. feb	Almennur fundur.	Staðfundur
17. mar	Almennur fundur.	Staðfundur
14. apr	Almennur fundur. Heimsókn í sveitarfélag - ákveðið síðar.	Staðfundur
12. maí	Almennur fundur. Síðasti fundur fyrir sumarfrí	Staðfundur

Fundir eru haldnir föstudaga kl. 13:30 - 15:30 í Hamraborg 9, 200 Hamraborg, Kópavogi - nema annað sé tekið fram



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Svæðisskipulag rekstur / áætlun september 2022 til desember 2023

	Raun	Áætlun	Raun+Áætlun	Sampykkt	Áætlun
	Sep-22	Sept - des 22	2022	fjárhagsáætlun 2022	2023
Tekjur					
Framlög aðildarsveitarfélaga	22,594,688	8,783,876	31,378,564	31,378,559	33,159,466
Samtals	22,594,688	8,783,876	31,378,564	31,378,559	33,159,466
Laun og rekstur					
Launakostnaður svæðisskipulagsstjóra og nefndar	(12,419,050)	(7,399,220)	(19,818,270)	(21,376,537)	(23,159,466)
Leiga til SSH vegna skrifstofu	-	(5,000,000)	(5,000,000)	(5,000,000)	(5,000,000)
Samtals	(12,419,050)	(12,399,220)	(24,818,270)	(26,376,537)	(28,159,466)
Verkefnakostnaður svæðisskipulagsnefndar					
Ferðavenjukönnun	-	-	-	-	(1,800,000)
Hjólaleiðbeiningar uppfærsla	-	(1,000,000)	(1,000,000)	-	(1,500,000)
Kortasjá uppfærsla	-	(350,000)	(350,000)	-	(500,000)
Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag	-	(1,000,000)	(1,000,000)	-	(1,000,000)
Verkefni v. framfylgdar svæðisskipulags	-	-	-	-	(4,500,000)
Þróunaráætlun uppfærsla	(2,656,380)	-	(2,656,380)	-	(2,500,000)
Verkefnakostnaður				(5,000,000)	
Samtals	(2,656,380)	(2,350,000)	(5,006,380)	(5,000,000)	(11,800,000)
Samtals alls	7,519,258	(5,965,344)	1,553,914	2,022	(6,800,000)
Tekjur					33,159,466
Laun og rekstur					(28,159,466)
Verkefnakostnaður					(11,800,000)
Samtals					(6,800,000)
		Áætlun staða í sjóði 31.12.2022			11,168,354
		Rekstur ársins 2023			(6,800,000)
		Áætlun staða í sjóði 31.12.2023			4,368,354

Reykjavík, 12. febrúar 2023
MSS22100010

Umsögn

Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2023
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Vísað er til bréfs svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 13. september 2022. Fram kemur að á 109. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins sem haldinn var þann 16. september 2022 hafi verið fjallað um fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2023 og hún samþykkt. Samtals er gert ráð fyrir útgjöldum að fjárhæð 33,2 m.kr. Lagðar verði 5 m.kr. í verkefnakostnað og 5 m.kr. í rekstur skrifstofu SSH, sem er óbreytt frá síðasta ári. Þá verði launakostnaður svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra 23,2 m.kr. Laun fulltrúa svæðisskipulagsnefndar miði við 3% af þingfararkaupi auk launatengdra gjalda, líkt og liðin ár. Formaður svæðisskipulagsnefndar er borgarfulltrúi í Reykjavík og sitja fleiri borgarfulltrúar Reykjavíkurborgar fundi svæðisskipulagsnefndar.

Sá kostnaður sem fellur á Reykjavíkurborg vegna verkefna svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda þann 1. desember 2021 og er 56,3% eða sem nemur um 18,7 m.kr. fyrir árið 2023 og hækkar um 1,2 m.kr. frá fyrra ári og er gjaldfært á umhverfis- og skipulagssviði. Ekki var gert ráð fyrir þessari hækkun í fjárhagsáætlun og þarf því að gera viðauka til að mæta því sem út af stendur eða um 1,2 m.kr. Hækkunin nemur tæplega 7%.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs